

BRÁÐABIRGÐALÖG

112

12. okt.

um afnám laga nr. 64, 22. nóv. 1907, um breyting á lögum um manntal í Reykjavík nr. 18, 13. september 1901.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að tími sá, sem ákveðið er, að manntal í Reykjavík fari fram á, 20.—30. nóvember, sé að því leyti óhentugur, að tími sá frá nóvemberlokum þangað til skila verður manntalseftirritum og ýmsum skráum, sem á því eru byggðar, sé í knappasta lagi, þannig, að til vandræða horfi, ef manntal verði tekið á sama tíma sem verið hefir. Í upphaflegu lögunum um manntal í Reykjavík, nr. 18, 13. september 1901, var svo ákveðið, að manntalið fari fram í síðari hluta októbermánaðar, en árið 1907 var þetta talinn óhentugur tími og lögunum þá breytt í það horf, sem nú er. Með því að sá tími, sem nú er lögákveðinn, er mjög óhentugur, eins og að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinna 18. maí 1920, til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Lög nr. 64, 22. nóvember 1907, um breyting á lögum um manntal í Reykjavík, nr. 18, 13. september 1901, skulu numin úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Sorgenfrihöll, 12. október 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.